

**516. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. mars 2019 og
hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Guðfinna M Hreiðarsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Látrar í Aðalvík - ósk um niðurrif - 2014090019

Þann 6. september 2018, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman og tók fyrir mál nr. 116/2016, þ.e. kæra vegna meintra óleyfisframkvæmda á Látrum í Aðalvík.

Í samræmi við úrskurð nefndarinnar, voru send bréf dags. 18. jan. 2019 á Friðrik Hermannsson og Miðvík ehf., gefinn var fjögurra vikna andmælafrestur vegna fyrrgreindra bréfa. Andmæli bárust í pósti frá Miðvík ehf. móttakið af hálfu Ísafjarðarbæjar 25. feb. 2019, andmæli bárust einnig í tölvupósti dags. 27. febrúar 2019 ásamt viðhengjum, frá Bárði Gísla Hermannssyni f.h. eigenda Sjávarhúss.

Greinargerð Miðvíkur ehf. er þrjúþætt, þ.e. ósk um endurupptöku máls Sjávarhússins á grundvelli nýrra gagna. Jafnframt er gerð krafa um að smáhýsin á Látrum verði fjarlægð, jafnframt er óskað eftir frekari gögnum.

Byggingafulltrúa falið að svara í samráði við bæjarlögmann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

516. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar

Smári Karlsson

Lína Björg Tryggvadóttir

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

Gautur Ívar Halldórsson

Brynjar Þór Jónasson

Axel Rodriguez Överby